


**Greinargerð vegna fjárlaga 2011.**


**Inngangur**

Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 var gerð mikil krafa á ÞSSÍ að draga úr starfseminni sem var og gert. Fjárheimildir stofnunarinnar fóru úr 1.884,3 m. kr árið 2008 í 1.380,3 m. kr. á yfirstandandi ári. Þetta er lækkun um 504 m. kr. sem er 27% lækkun. (sjá mynd 1.)



Mynd 1. Fjárheimildir ÞSSÍ 2007-2010 í milljónum króna á verðlagi hvers árs.

Allar skuldbindingar ÞSSÍ eru í bandaríkjadöllumog verður því að skoða þessa skerðinu framlaga út frá þróun á gengi dollarans. Miðað við meðalgengi dollara þetta sama tímabil þá sést að skerðing fjárheimilda stofnunarinnar nema 11 m. dala sem er lækkun um 48% frá árinu 2008. (sjá mynd 2.)



Mynd 2. Fjárheimildir ÞSSÍ 2007-2010 í milljónum dala á meðalgengi USD hvert ár.

Til að mæta þessari miklu skerðingu hefur stofnunin gripið til ýmissa aðgerða. Þær helstu eru:

- ✓ Lokun umdæmisskrifstofu (og sendiráðs) á Sri Lanka árið 2009
- ✓ Lokun umdæmisskrifstofu (og sendiráðs) í Níkaragva árið 2009
- ✓ Lokun umdæmisskrifstofu (og sendiráðs) í Namibíu árslok 2010
- ✓ Útsendum starfsmönnum hefur fækkað úr 18 árið 2008 í 11 árið 2010
- ✓ Staðarráðnu starfsfólki hefur fækkað um annan tug frá árinu 2008

Eins og gefur að skilja hefur mikil reynsla og þekking glatast hjá stofnuninni á þessum niðurskurðartímum.

Í árslok 2010 verður ÞSSÍ með þrjár umdæmisskrifstofur í Afríku; Malaví, Mósambík og Úganda auk verkefnaskrifstofu í Níkaragva sem er mönnuð einum staðarráðnum starfsmanni sem hefur aðstöðu í Sendiráði Finnlands í Managva.

### **Fjárlög 2011**

Nú í sumar bárust fregnir af því að gerð yrði krafa á ÞSSÍ að skera niður um 300 m. kr. frá árinu 2010. Eftir nánari skoðun þá var það niðurstaða hjá stofnuninni að ef svo ætti að verða þá yrði að fækka um eitt samstarfsland til viðbótar til að ná fram ásættanlegu hlutfalli í milli ráðstöfunar til verkefna og kostnaðar við umsýslu og stjórnun verkefna.

Þetta gekk ekki eftir og núverandi frumvarp til fjárlaga 2011 gerir ráð fyrir niðurskurði upp á 100 m. kr. miðað við 2010 og auk þess koma 45,3 m. kr. til lækkunar vegna gengis- og verðlagsbreytinga. Fjárveiting til stofnunarinnar á næsta ári miðað við frumvarpið verður því 1.235 m. kr.

Frá 2008 til 2011 þá mun lækkun fjárveitinga til stofnunarinnar nema 34%, en ef litið er á þetta sama tímabil út frá gengi bandaríkjadals þá nemur lækkun fjárveitinga um 52% frá árinu 2008 til 2011.

Þrátt fyrir þennan mikla niðurskurð telur stofnunin að hún geti á viðunandi hátt haldið áfram starfsemi í þremur löndum, Malaví, Mósambík og Úganda auk þessa eins verkefnis í Níkaragva (sem stofnunin hefur skuldbundið sig til að styðja til ársloka 2012) að því gefnu að ekki komi til frekari niðurskurður eftir árið 2011.

Reykavík 9. nóvember 2010